

# Aðalfundargerð

Aðalfundur Isavia ohf.  
haldinn fimmtudaginn 3. apríl 2014, kl 16.00  
í Rímusal í Hörpu

Fundinn sátu: Fjármála- og efnahagsráðherra með umboð hluthafans, stjórn og varastjórn Isavia, forstjóri, starfsmenn félagsins og gestir.

## 1. Setning fundar.

Þórólfur Árnason stjórnarformaður, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

## 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Lagt var til að Karla Alvarsson yrði fundarstjóri og Friðþór Eydal fundarritari. Tillögurnar voru samþykktar. Fundarstjóri tók til máls og staðfesti að handhafi hlutafjár, Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra sæti fundinn. Einnig sat fundinn Hanna Bára Kristjánsdóttir innanríkisráðherra. Fulltrúar fjölmiðla voru boðaðir til fundarins eins og fyrirmælt er í lögum um opinber hlutafélög sem og að alþingismönnum var gert viðvart um fundinn en þeim er skv. sömu lögum heimilt að sitja fundinn. Fundurinn var lýstur lögmætur.

## 3. Skýrsla stjórnar.

Formaður flutti skýrslu stjórnar fyrir sl. starfsár. Skýrsla stjórnar er hluti af útgefinni árskýrslu félagsins sem dreift var á fundinum.

Formaður stjórnar fór yfir starfsemi félagsins á liðnu ári. Uppbygging félagsins sl. 3 ár hefur gengið vel. Mikil farþegaaukning um Keflavíkurflugvelli skiptir hér miklu máli.

Á árinu var enn slegið met í farþegafjölda á Keflavíkurflugvelli sem var um 2.750.000 eða 15,6% aukning milli ára og um 5,8% umfram það sem áætlað var. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 18% farþegaaukningu til viðbótar.

Félagið hefur hagað fjárfestingum skynsamlega við að bæta þjónustu og nýtt mannvirki flugstöðvarinnar til hins ýtrasta án þess að ráðast í frekari byggingarframkvæmdir fyrir en nauðsyn ber til, enda greiða notendur flugvallarins kostnaðinn á endanum. Nú er aftur á móti svo komið að ráðast verður í mannvirkjagerð til enn frekari afkastaukningar sem er um það að bil að hefjast. Við það eykst aðstaða úr 16 í 19 – 20 flugvélastæði við flugstöðina sem þýðir leiðir til umtalsverðrar afkastaukningar. Framkvæmdakostnaður liggur á bilinu 6 til 7 milljarðar króna til ársins 2016.

Til samanburðar við núvirði stofnkostnaðar flugstöðvarmannvirkjanna sem nemur um 25 milljörðum króna er því hér um að ræða allt að 40% afkastaukningu á háannatíma fyrir einungis um fjórðung af jafnvirði upphaflegs stofnkostnaðar.

Verslunartekjur í flugstöðinni eru mikilvægur liður í tekjuöfluninni. Gagngerar endurbætur eru fyrirhugaðar á aðstöðu til verslunar- og veitingaþjónustu sem ljúka á fyrir sumarið 2015. Forval á rekstraraðilum hefur vakið umtalsverða eftirtekt og eru miklar vonir bundnar við niðurstöðuna sem kynnt verður í haust.

Ný árstíðabundin gjaldskrá Keflavíkurflugvallar miðar að því að samræma betur gjöld og veitta þjónustu og auka nýtingu flugstöðvarinnar utan hefðbundins ferðamannatíma. Ódýrara verður að nota flugvöllinn á veturna en á sumrin og styður það m.a. við átakið „Ísland allt árið“ til fjölgunar erlendra ferðamanna utan háannatíma. Flugvallargjöld miðast einungis við veitta þjónustu og brottfarargjald verður innheimt af öllum farþegum sem leið eiga um flugvöllinn, bæði á leið úr landi og einnig skiptifarþegum.

Staða innanlandsflugvallarkerfisins sem Isavia rekur í verktöku fyrir íslenska ríkið samkvæmt þjónustusamningi við innanríkisráðuneytið er öllum umhugsunarefni. Fjármunir eru af skornum skammti til fjárfestinga og nauðsynlegs viðhalds eða rétt svo að nægi fyrir daglegum rekstri, en viðhald og fjárfesting situr á hakanum. Við það bætist að framtíð Reykjavíkurflugvallar er samofin framtíð innanlandsflugsins en hvorugt getur þrífist án hins. Isavia hefur forðast að dragast inn í orðræðu hagsmunaaðila enda hlutverk félagsins að reka flugvöllinn svo lengi sem hans er talin þörf. Þó verður að segja að fjármunum muni betur varið í að styrkja innanlandsflugvallakerfið en að gera nýjan flugvöll á höfuðborgarsvæðinu.

Starfsemi alþjóðaflugþjónustunnar hefur einnig aukist að undanfögnu en brýnt er að vera á varðbergi gagnvart framtíð þessarar þjónustu sem viðurkennd er af notendum fyrir gæði og hagkvæmni og skapar landinu verulegar gjaldeyrstekjur. Áætlað er að hefja framkvæmdir í haust við stækkun flugstjórnarmiðstöðvarinnar á Reykjavíkurflugvelli og flutning flugfjarskiptadeildar frá Sóleyjarrima í sama húsnæði. Aukið og bætt húsrými mun án nokkurs efa efla flugstjórnarmiðstöðina og þjónustu við vaxandi flugumferð yfir Norður-Atlantshaf sem stendur á gömlum og traustum grunni hjá félaginu.

Isavia er öflugur þátttakandi í þeirri miklu sókn sem nú stendur í ferðaþjónustu landsins og leggur þungt lóð á vogarskálarnar svo taka megj á móti sístækkandi hópi erlendra ferðamanna. Framundan er tími mikillar uppbyggingar og fjárfestinga á Keflavíkurflugvelli og mun Isavia ganga ötullega til þeirra verka með hagkvæmni og öryggi að leiðarljósi.

Þakkaði stjórnarformaðurinn stjórn félagsins og öllu starfsfólki fyrir mjög gott starf á liðnu starfsári og lofaði samstarf við ráðuneyti, ráðherra og viðskiptavinum félagsins. Til marks um mikilvægi samstarfsins gat hann þess að nýlega hefði Keflavíkurflugvöllur hlotið heiðursútnefningu sem einn 26 fyrirmyndarflugvalla í heiminum.

#### **4. Starfsemi ársins og reikningar félagsins útskýrðir.**

Forstjóri skýrði frá verkefnum félagsins sl. starfsár og fór yfir ársreikning félagsins.

Rekstrartekjur námu 19.810 milljónum króna og jukust um 1.414 milljónir króna, eða 8% frá fyrra ári. Um 54% af tekjum eru tilkomnar vegna sölu á þjónustu, um 38% vegna sölu á vörum og um 8% eru eignatekjur, aðallega vegna útleigu á fríverslunarsvæði. Laun hækka m.a. vegna fjölgunar stöðugilda úr 790 árið 2012 í 848 árið 2013. Hátt í þriðjung aukins launakostnaðar má rekja til almennra launahækkana. Hóflegar hækkningar urðu á skrifstofu-, stjórnunar- og öðrum rekstrarkostnaði. Rekstrarhagnaður jókst um 421 milljón króna, eða um 18% milli ára.

Heildarafkoma ársins jókst um 2.479 milljónir króna milli ára. Til samanburðar er breyting á tekjum af fjáreignum og fjárskuldum jákvæð um 2.528 milljónir króna. Heildareignir námu 34.501 milljónum króna í lok árs 2013 og fjárhæð varanlegra rekstrarfjármuna hækkar um 1.395 milljónir króna.

Staða birgða lækkaði milli ára á sama tíma og vörusala jókst sem ber vott um bættu birgðastýringu hjá Fríhöfninni.

Staða handbærs fjár í lok árs var góð eða rúmlega 2,7 milljarðar króna og eigin fé hækkar vegna jákvæðrar rekstrarafkomu og gengishagnaðar. Eiginfjárhlutfall var 43,1% í árslok 2013 samanborið við 34,9% árið á undan. Eiginfjárhlutfall félagsins var 24,6% við stofnun þess árið 2010.

Skuldir við lánastofnanir lækka um 2.786 milljónir króna, þar af eru 1.322 milljónir króna tilkomnar vegna afborgana. Tekjuskattskuldbinding hækkar verulega vegna reiknaðs skatts af hagnaði ársins en handbært fé frá rekstri jókst um 496 milljónir króna milli ára

Fjárfest var í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir 2.787 milljónir króna á árinu. Fjárfesting í óefnislegum eignum er að mestu tilkomin vegna fjárfestinga í veðurkerfum en ekki kom til viðbótarlántöku á árinu þrátt fyrir töluverða fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum

Afborganir langtímaskulda námu 1.322 milljónum króna á árinu og handbært fé í lok árs var vel yfir markmiðum félagsins um aðgang að lausu fé.

Félagið rekur innanlandsflugvelli samkvæmt þjónustusamningi við hið opinbera. Veruleg fækkun brottfararfarþega í áætlunarflugi árið 2013 er viðvarandi þróun sem staðið hefur síðustu ár. Framlag úr ríkissjóði hefur lækkað verulega en félaginu hefur tekist með árangursríkum aðhaldsaðgerðum að halda uppi þjónustustigi. Ljóst er að frekari samdráttur í fjárveitingum úr ríkissjóði mun kalla á talsverða lækkun á þjónustustigi

Vöxtur flugumferð á hefðbundnum leiðum milli Evrópu og Ameríku er drifinn af vexti til og frá Íslandi. Árið 2013 einkenndist af miklum og stöðugum vexti flugfarþega á Keflavíkurflugvelli. Heildarfjöldi var um 2,8 milljónir sem er 15,6% aukning frá árinu á undan. Gert er ráð fyrir 18,5% fjölgun árið 2014 og að heildarfjöldi farþega verði um 3,3 milljónir.

Árið 2014 er gert ráð fyrir 2,6 milljónum komu og brottfararfarþega og tæplega 600 þúsund skiptifarþegum og að árið 2023 verða komu og brottfararfarþegar orðnir tæpar 4,7 milljónir og skiptifarþegar rúmlega 1,3 milljón. Þá benda langtímaspár til þess að árið 2020 muni 5 milljónir farþega fara um Keflavíkurflugvöll og árið 2023 verði þeir orðnir fleiri en 6 milljónir en með því að tvítelja skiptifarþega verður talan komin yfir 7,3 milljónir árið 2023

Félagið stendur frammi fyrir miklum og fjárfrekum framkvæmdum til að mæta vextinum enda er frekari frestun ekki skynsamleg. Farþegaaukningin kallar á fleiri hendur og mun rekstrarkostnaður því áfram aukast.

Ljóst er að afkoma félagsins á síðasta ári mun ekki nægja ein og sér til þess að standa undir nauðsynlegum framkvæmdum og því mikilvægt að vöxtur verði áfram hagfelldur. Félagið mun þurfa að viðhafa áframhaldandi kostnaðaraðhald og tryggja tekjugrunn enn frekar.

Í lok yfirferðar sinnar þakkaði forstjóri stjórn og starfsfólki gott samstarf.

Á fundinum voru sýndar myndir af starfseminni og þeim störfum sem unnin eru hjá félaginu og dótturfélögum.

## **5. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar.**

Reikningar Isavia ohf. lagðir fram til samþykktar. Reikningarnir voru samþykktir.

## **6. Kosning stjórnarmanna og varastjórnarmanna.**

Svofelld tillaga var lögð fram:

Í stjórn Isavia ohf. verði kjörin:

Heiða Kristín Helgadóttir  
Ingimundur Sigurpálsson  
Matthías Páll Imsland  
Sigrún Traustadóttir  
Ragnar Óskarsson.

Tillagan var samþykkt.

Og í varastjórn Isavia ohf. verði kjörin:

Friðbjörg Matthíasdóttir  
Jens Garðar Helgason  
Jón Norðfjörð  
Sigurbjörn Trausti Vilhjálmsson  
Tryggvi Haraldsson.

Tillagan var samþykkt.

#### **7. Kosning endurskoðanda.**

Tillaga kom fram um að Ríkisendurskoðun kt. 540269-1819, Bríetartúni 7, 105 Reykjavík annist endurskoðun reikninga félagsins, sem er í samræmi við 6. gr. laga nr. 86/1997.

Tillagan borin upp og samþykkt.

#### **8. Tillaga stjórnar um ráðstöfun hagnaðar.**

Stjórn lagði til að hagnaður af rekstri félagsins yrði færður á eigið fé. Tillagan borin upp og samþykkt.

#### **9. Starfskjarastefna stjórnar.**

Tillaga er um að samþykkja óbreytta starfskjarastefnu stjórnar. Tillagan borin upp og samþykkt.

#### **11. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.**

Fundarstjóri lagði fram tillögu um laun stjórnar fyrir komandi starfsár taki verðlagshækkunum síðustu 12 mánaða og verði 137.000,- krónur fyrir hvern mánuð, stjórnarformaður fái tvöfalda þá upphæð og varamenn 65.000,- krónur fyrir hvern fund. Tillagan borin upp og samþykkt.

#### **12. Ákvörðun um þóknun endurskoðenda.**

Tillaga er um að þóknun endurskoðenda verði skv. reikningi. Tillagan var samþykkt.

#### **13. Önnur mál.**

Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra tók til máls og þakkaði fráfaramandi stjórn vel unnin störf. Starfstímabil hennar hefði einkennst af miklum áskorunum en rekstrartölur félagsins sýndu að þróun félagsins hefði verið hagfeld. Félagið komi sterkt út eftir síðastliðið ár og safnast hafi upp styrkur til þess að ráðast í nauðsynlegar fjárfestingar og mæta nýjum áskorunum. Ráðherrann tók undir að þróun í innanlandsfluginu væri áhyggjuefni og mikilvægt væri að viðhaldi og uppbyggingu flugvallakerfisins verði haldið áfram.

Hann kvað einnig ánægjulegt að sjá þá uppbyggingu sem ætti sér stað í flugstjórnarmiðstöðinni. Gjaldeyrstekjur sem þar skiptu verulegu máli og mikilvægt væri að viðhalda samstarfi við önnur lönd á því sviði. Þá væru mikil áform um uppbyggingu á Keflavíkurflugvelli spennandi og vandasöm verkefni sem kalli á miklar fjárfestingar. Ánægjulegt væri að sjá að reksturinn stæði undir mikilli endurnýjun.

Óskaði ráðherrann stjórn og starfsmönnum félagsins gæfu á komandi ári og til hamingju með þá alþjóðlegu viðurkenningu sem Keflavíkurflugvöllur hefði nýlega hlotið og kvað spennandi tíma framundan.

Fráfaramandi stjórnarformaður Þórólfur Árnason þakkaði hlý orð ráðherra og sagði gaman að horfa til baka til þess tíma er félagið var stofnað árið 2009. Alger samstaða hefði verið um þá ráðstöfun að hlutabréf félagsins skyldi vera í höndum fjármálaráðuneytisins. Þakkaði hann stuðning samgönguráðuneytisins og síðar innanríkisráðuneytisins við starfsemi félagsins og nefndi sérstaklega þau Ragnhildi Hjaltadóttur ráðuneytisstjóra og Þórhall Arason sem hefðu sýnt verkefninu sérstakan stuðning.

Samstaða hefði verið með fjármálaráðuneytinu um að félagið skyldi ekki vera fjárveitingarvald vegna innanlandsflugvallakerfisins heldur annast reksturinn með þjónustusamningi. Félagið hefði þó greitt nærri milljarð króna í ríkissjóð á umliðnum árum.

Þá benti Þórólfur á að félagið ætti í nánu samstarfi við innlenda aðila í verslunarrekstri og samkeppnin væri við erlenda aðila, ekki innlenda.

Óskaði hann nýrri stjórn félagsins velfarnaðar og þakkaði fundarmönnum fundarsetuna og fundarstjóra og fundarritara fyrir sín störf og sleit aðalfundi.


Breytingar á stjórn verða tilkynntar til fyrirtækjaskrár RSK.

Tillaga er um að fundarstjóri og fundarritari gangi frá aðalfundargerðinni. Samþykkt,

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:00.



Karl Alvarsson  
fundarstjóri



Friðþór Eydal  
fundarritari